

Fundargerð háskólaráðs
358. fundur þriðjudaginn 28. apríl 2015
í fundaherbergi 262, Borgum, kl. 13.20 – 14.45.

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13.20.

Mættir voru auk hans:

Grímur Rúnar Lárusson varafulltrúi nemenda
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Jens Garðar Helgason fulltrúi menntamálaráðherra, í síma

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Rektor setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fundarmenn kynntu sig.

1. Tilnefning fulltrúa í háskólaráð
1404021

Rektor gerði grein fyrir því hver nokkur stærstu viðfangsefni háskólaráðs næstu tvö árin gætu orðið. Að tryggja stöðu háskólans innan íslensks háskólakerfis er eitt af þeim. Mikil umræða varð. Ákveðið var einróma að fara þess á leit við Svanfríði Ingu Jónasdóttur og Finnoga Jónsson að taka sæti í háskólaráði 2015-2017. Samþykkt var að rektor ræddi við Erlu Björk Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra Símeys um að taka að sér að vera varafulltrúi þeirra, eða að öðrum kosti Jón Má Héðinsson skólameistara.

2. Fundatímar háskólaráðs til maíloka 2016

Tillaga rektors er að fimmtudagur í þriðju viku hvers mánaðar (e.hád.) verði fastur fundartími háskólaráðs. Það gildir frá og með ágúst 2015. Fyrsti fundur fullskipaðs háskólaráðs verður þó 12. maí kl. 13-16.

Tveir fundir verða haldnir í júní. Annars vegar með framkvæmdastjórn HA (málefni sem varða stöðu skólans og framtíðarsýn). Fim. 18/6 eftir hádegi.

Formlegur fundur verður haldinn þriðjudag 30. júní eftir hádegi (málefni sem varða rekstur skólans næsta skólaár).

Þetta var samþykkt.

3. Önnur mál

Rætt var um fundargerðir háskólaráðs. Æskilegt þótti að ljúka fundargerð á hverjum fundi. Rætt var um verklag til að auðvelda háskólaráðsfulltrúum yfirsýn yfir stöðu mála hverju sinni.

Rektor kemur með tillögu að verklagi á næsta fundi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.45.